



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar (DÝR) - Tillaga stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþróttá- og tómstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr.

DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra.

Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþróttá- og tómstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að DÝR fari með daglega umsýslu er tengist gæludýrahaldi sem og öðrum dýrum eftir því sem við á í samstarfi við heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit, umhverfis- og skipulagssvið, önnur svið borgarinnar, viðeigandi opinbera aðila og hagsmunasamtök dýraeigenda. Gert er ráð fyrir að DÝR hafi aðsetur í Fjölskyldu- og húsdýragarði þar sem þegar er til staðar innra skipulag, mannauður og þekking hvað varðar dýrahald og fræðslu í málaflokknum. Áfram verða flókin mál og mál þar sem beita þarf þvingunarúrræðum unnin í samstarfi við HER auk þess sem heilbrigðiseftirlitið mun hafa eftirlit með starfseminni lögum samkvæmt.

Í samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur eru því falin verkefni heilbrigðisnefndar þ.m.t. verkefni er tengjast dýrahaldi sbr. gr. 1, 3 og 4 undir C lið samþykktarinnar. Verkefni tengdum dýrahaldi er nú sinnt hjá nokkrum aðilum innan borgarinnar, s.s. HER, skrifstofu umhverfisgæða, meindýravörnum og FHG. Þessi verkefni, utan hefðbundinna meindýravarna, verða sameinuð hjá DÝR.

Áhersla verður lögð á að fjölga skráningum skráningarskyldra dýra í borginni m.a. með lækun leyfisgjalda, einfaldari skráningu og aukinni og sýnilegri þjónustu við dýraeigendur skráðra dýra. Núverandi húsnaðisaðstaða í FHG uppfyllir að hluta til þörfina á aðstöðu vegna

skammtímageymslu gæludýra og meðferðar villtra og hálfvilltra dýra. Lagt er til að þörfin á bættri aðstöðu vegna starfsemi DÝR verði skoðuð og tillögur um mögulega fjárfestingu unnar í framhaldinu.

Með þessari nálgun er ætlunin að fjárförf bæði vegna stöðugilda og innviðaupbyggingu verði lægri en ef stofnuð yrði ný sérstök eining annars staðar í borgarkerfinu þar sem innviðir og mannaflí FHG auk núverandi hundaeftirlits verða sameinuð til samlegðar. Um frekari útl istun vísast til 5. kafla.



Sabine Leskopf

formaður stýrihóps

Hjálagt:

Skýrsla stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr, október 2020

Samrit:

Meningar-, íþróttá og tómstundaráð